



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2015.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lögræðislög (réttindi fatlaðs fólks, svipting lögræðis o.fl.), 144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal nr. 1161 – 687. mál.**

Tilfni framangreindrar lagasetningar er m.a. undirbúningur fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, viðbrögð við tilmælum alþjóðlegra eftirlitsaðila með mannréttindaskuldbindingum Íslands, ábendingar frjálsra félagasamtaka, fagaðila o.fl. um ágalla í lögunum og framkvæmd á grundvelli þeirra

Markmið lagasetningarinnar er að bregðast við gagnrýni sem gildandi fyrirkomulag hefur sætt og að tryggja að lagaumhverfi og verklag á grundvelli þess sé í samræmi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar frumvarpi þessu en veltir því fyrir sér hvort nægilega sé komið til móts við þá hugsun og viðhorf sem einkenna Samning Sp um réttindi fatlaðs fólks (Samningur Sp) og þá hugtakanotkun sem þar er að finna. Fagna ber ýmsum ákvæðum frumvarpsins, s.s. 1. gr. , þ.e. að allar lögræðissviptingar skuli vera tímabundnar enda er þar komið til móts við 2. tl. 12. gr. Samnings Sp, en í 2. gr. frumvarpsins er ekki að finna neinn áskilnað um hámarkstíma sviptingar, samræmist það jafnvel ekki ákvæðum fyrrnefndrar 12. gr. Samningsins.

Jafnframt fagnar MRSÍ ákvæðum um yfirlögráðendur og eftirlit þeirra með lögráðamönnum en leggur ríka áherslu á virkni slíks eftirlits. Svo sem staðan er í dag virðist yfirlögráðandi almennt lítið eftirlit hafa með lögráðamönnum og komast þeir jafnvel upp með að sinna ekki lögbundnum skyldum sínum. Eftirliti yfirlögráðanda með lögráðamönnum verður að vera þannig háttáð að það nái fram því markmiði tryggt sé að öll aðstoð við ólögráða einstaklinga sé á þann veg að ekki sé um nokkurs konar hagsmunaárekstra að ræða og að aðstoðin skuli miða að því að því að þiggjandinn fái sem best notið þeirra lífsgæða sem honum standa til boða.

MRSÍ veltir einnig fyrir sér hvað varðar fólk með þroskahömlun, að með þeim breytingum sem frumvarpið leggur til virðist ekki komið til móts við ákvæði 5. tl. 12. gr. Samnings Sp, um að aðildaríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til að eiga eða erfa eignir og að ráða eigin fjármálum. Í mörgum tilvikum uppfyllir fólk með þroskahömlun ekki skilyrði þess að mega óska eftir aðstoð ráðsmanns, og, samkvæmt lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks, er persónulegum talsmanni óheimilt til að stofna til fjárhagsskuldbindinga fyrir hönd



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Þess sem hann aðstoðar nema sá einstaklingur hafi veitt honum skriflegt umboð til þess. Er því vandséð að komið sé til móts við það að fólk með þroskahömlun fái aðstoð við að stýra sínum fjármunum og þarf því að mati MRSÍ að skoða nánar hvernig uppfylla megi ákvæði Samnings Sp hvað þennan hóp varðar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri